

# Fuglahundadeild HRFÍ



## Skýrsla stjórnar 2022

## Lögð fram á ársfundi deildarinnar 15. maí 2023 í Sólheimakoti.

### Stjórn

Í stjórn sitja; Unnur A. Unnsteinsdóttir, Kristín Jónasdóttir, Atli Ómarsson, Viðar Örn Atlason og Haukur Reynisson. Fjögur sæti eru laus í stjórn en Viðar Örn Atlason sagði sig úr stjórn á starfsárinu og Kristín Jónasdóttir, Unnur Unnsteinsdóttir og Atli Ómarsson hafa settið þau ár sem þeirra kosning náði til.

Fuglahundadeild er safndeild innan HRFÍ en deildinni tilheyrja; Bracco Italiano, Breton, Enskur Pointer, Gordon Setter, Korthals Griffon, Pudelpointer, Vizsla og Weimaraner.

Snemma á starfsárinu tilkynnti Viðar Örn Atlason stjórn að hann væri hættur í stjórn FHD. Stjórn þakkar Viðari hans framlag. Starfsárið einkenndist nokkuð af þeim hluta starfsins að sinna veiðiprófum. Annað starf eins og að sinna sýningum var minna sinnt. Starf tengiliða tegunda hefur ekki verið eftt eins og reynt var að gera árin á undan. Þar er ekki of sagt að tengiliðir tegunda búa yfir mikilvægri þekkingu um þarfir sinna tegunda og með þeirra aðkomu má gera starfið enn betra og hvetjum við þá núna sem áður til að hafa frumkvæði að frekari vinnu fyrir þeirra tegundir. Árið var annars ágætt þó almennt félagsstarf hafi ekki verið mikið.

Ekki var endurnýjaður samstarfssamningur við Dýrheima þegar hann rann út. Nýr samningur var gerður við félagið Og svo framvegis ehf. og var skrifað undir á starfsárinu. Þetta getur orðið stærsti einstaki styrktaraðili deildarinnar ef vel tekst til og var það Kristín Jónasdóttir sem kom á þeim samningi eins og þeim fyrri. Samningurinn rennur út í lok febrúar 2024. Góðir styrktaraðilar eru mikilvægir til að geta haldið úti öflugum og góðu starfi og erum við þakklát þeirra framlagi.

Eins og síðastliðin starfsár var Ella próf haldið í mars og þá átti að vera meginlandshundapróf í apríl sem fella þurfti niður. Í staðinn var haldið eins dags heiðapróf í loka apríl. Í júlí var haldið samsett sóknarpróf þar sem boðið var uppá meginlandspróf og hefðbundið próf sem tókst með ágætum. Áfangafellsprófið var haldið og á því urðu eftirmálar sem ekki sér fyrir endann á enn í dag. Stjórn hefur kallað eftir niðurstöðum á málinu hjá stjórn HRFÍ en ekkert formlegt svar hefur borist enn til stjórnar FHD. Skráning í gagnagrunn félagsins hefur verið mikilvægur þáttur í starfi deildarinnar og utanumhald þar um en sú vinna hefur færst alfarið á hendur Hauks og Kristínar. Á árinu gekk eftir að hægt er að sækja upplýsingar í grunn HRFÍ til að uppfæra grunn FHD sem hafði legið niðri um tíma.

### Sóknarpróf

Sóknarpróf deildarinnar fór fram dagana 24. – 25. júlí og samanstóð af bæði meginlandshundaprófi og hefðbundnu sækiprófi. Dómari prófsins var Patrek Sjöström frá Svíþjóð og prófstjórar Sigrún Hulda Jónsdóttir og Atli Ómarsson. Frábær skráning var í prófið eða 25 skráningar báða daga, þar af 13 skráningar í meginlandshundaprófið. Fulltrúi HRFÍ var Guðni Stefánsson.

## Heiðapróf

Árlega Royal Canin próf deildarinnar sem haldið er á Auðkúluheiði fór fram dagana 23. – 25. september. Ágæt þátttaka var í prófið. Dómarar prófs voru Jonny Weum, Guðjón Arinbjarnarson og Guðni Stefánsson. Prófstjórar prófs voru Arna Ólafsdóttir og Friðrik Þór Hjartarson.

## Meginlandspróf

Meginlandshunda heiðapróf var haldið helgina 15. og 16. október. Dómarinn Adam Dschulnigg dæmdi prófið. Prófað var í unghunda- og opnum flokki.

## Nefndir

Fræðslu- og göngunefnd	Endurskoðunarnefnd veiðiprófa	Veiðiprófanefnd	Sýninganefnd HRFÍ
Dagfinnur Smári Ómarsson	<u>Veiðiprófsreglur</u> Bragi Valur Egilsson	Atli Ómarsson	Eydís Elva Þórarinsdóttir
Einar Örn Rafnsson	Dagfinnur Ómarsson	Dagfinnur Smári Ómarsson	
Jón Ásgeir Einarsson	Haukur Reynisson	Haukur Reynisson	
Viðar Örn Atlason	<u>Meginlandshundapróf</u> Kristín Jónasdóttir Sigrún Hulda Jónsdóttir Unnur A. Unnsteinsdóttir		

Nefndarstarf hefur ekki verið uppfært á starfsárinu 2022-2023 og á meðan það er ekki gert lítur stjórn svo á að viðkomandi aðilar starfi að óbreyttu að því starfi áfram þar til önnur breyting komi til.

## Æfingar og viðburðir

Lítið fór fyrir hefðbundnum æfingagöngum á heiði þetta starfsár eins og árið þar á undan þegar Covid réði ríkjum og takmarkaði samkomur. Viðar Örn fór fyrir göngum einhverju sinni og var það flott framtak sem vert er að þakka fyrir

Eins og fyrri ár voru sameiginlegar sóknaræfingar Fuglahundadeildar, Deildar enska setans og Vorsteh deildar yfir sumarið þar sem unnið var ýmist með sókn á landi, sókn í vatni eða spor og voru æfingar ágætlega sóttar.

Vill stjórn minna félagsmenn á að æfingagöngur á heiði og sóknar æfingar yfir sumartímann frábær vettvangur til að æfa hund og leiðanda og einnig góður vettvangur til að fá leiðsögn ásamt því að kynna öðrum félögum í sportinu.

## Sýningar 2022

### Sýningar

#### Stigahæstu hundar á sýningum 2022 – valið eftir skrá HRFÍ úr nýjum grunni

Guzzi Da Dama Di-Ala-D'Oro Italian pointing dog (6 stig)

Gaflara Svala Gordon setter (4 stig)

L'Angelo D'Oro Cecilia Bartoli Italian pointing dog (3 stig)

#### Stigahæstu ræktendur:

Gaflara Gordon setter Ragnheiður Sigurgeirsdóttir/Guðrún Jónsdóttir/Sigmundur Friðbjólfsson (23 stig)

Holtabergs Hungarian short-haired vizsla

Hildur Vilhelmsdóttir (14 stig)

Og jöfn að stigum með 2 stig:

Hulduhóla Pudelpointer Atli Ómarsson / Margrét Sif Atladóttir

Iceland Wire-haired Pointing Griffon Korthals Katla Kristjánsdóttir

## Veiðipróf 2022

### Stigahæstu hundar ársins 2022 á meginlandshundaprófum

### Veiðipróf fyrir meginlandshundapróf eftir sænskum reglum

#### Hundar með einkun úr Meginlandshundaprófi eftir árið 2022

#### UF

Hulduhóla Arctic Mýra - Pudelpointer - 1. einkun UF. - Próf 23/7/22 parað við próf 16/10/21

Hulduhóla Arctic Mýra - Pudelpointer - 2. einkun UF. - Próf 24/7/22 parað við próf 17/10/21

Vinarminnis Móa Weimaraner- 2. einkun UF. - Próf 23/7/22 parað við próf 15/10/22

#### OF

Watereatons Engel - Griffon - 1.einkun OF. - Próf 23/7/22 parað við próf 17/10/21

Watereatons Engel - Griffon - 2.einkun OF. - Próf 24/7/22 parað við próf 16/10/21

#### Hundar með stig úr meginlandshunda sæki- og heiðarprófum árið 2022

#### Heiði

#### UF

Vinarminnis Móa, Weimaraner 2.stig

### Stigahæsta ræktun ársins á heiði sænskar MH-reglur Vinarminnis

#### Sækipróf

#### UF

Hulduhóla Mýra, Pudelpointer 8 stig

Vinarminnis Gríma, Weimaraner 6 stig  
Vinarminnis Móa, Weimaraner 4 stig

#### **OF**

Erik, Pudelpointer 8 stig (40)  
Watereatons Engel, Korthals Griffon 8 stig (39)

### **Stigahæsta ræktun ársins á sækíprófum sænskar MH-reglur Hulduhóla Pudelpointer**

#### **Stigahæstu hundar ársins 2022 á heiðaprófum Veiðipróf eftir norskum reglum**

#### **Heiðapróf**

##### **OF**

Bylur, Breton 14 stig  
Rypleja's Klaki, Breton 12 stig  
Blika, Breton 10 stig

##### **KF**

Rypleja's Klaki, Breton 13 stig  
Hríma, Breton 7 stig  
Bylur, Breton 5 stig

### **Stigahæsta ræktun ársins á heiðarprófum NO, Vatnsenda Enskur Pointer**

#### **Sækípróf eftir Norskum reglum**

##### **UF**

Vinarminnis Móa, Weimaraner 12 stig  
Hulduhóla Mýra, Pudelpointer 8 stig  
Vinarminnis Gríma, Weimaraner 4 stig

### **Stigahæsta ræktun ársins á sækíprófum NO-reglur Vinarminnis**

#### **Stigahæstu hundar á sækíprófum 2022**

##### **UF**

Hulduhóla Mýra, Pudelpointer 16 stig  
Vinarminnis Móa, Weimaraner 16 stig  
Vinarminnis Gríma, Weimaraner 10 stig

##### **OF**

Erik Vom Oberland, Pudelpointer 8 stig (40)  
Watereatons Engel, Korthals Griffon 8 stig (39)

### **Stigahæsta ræktun ársins á sækíprófum Hulduhóla Pudel Pointer og Vinarminnis Weimaraner**

## Stigahæstu hundar "Overall" (Allar tegundir í Grúppu 7)

### Kaldbaks Orka, Enskur Setter 27 stig

Rypleja's Klaki, Breton 22 stig

Steinahlíðar Atlas, Enskur Setter 17 stig

Rjúpnabrekku Miro, Enskur Setter 15 stig

Bylur, Breton 14 stig

Almkullens Hríma, Breton 13 stig

Ice Artemis Ariel, Strýhærður Vorsteh 8 stig

Blika, Breton 6 stig

Vatnsenda Karma, Enskur Pointer 6 stig

Black Diamond, Enskur Pointer 6 stig

Kaldbaks Snerpa, Enskur Setter 6 stig

Fóellu Askja, Breton 3 stig

## Dagskrá 2023

Þann 11.-12. mars fór fram Ellaprófið og var ágæt skráning í það próf. Meginlandspróf á heiði var haldið dagana 22.-23.apríl og var Patrek Sjöström dómari. Búið er að tryggja dómara fyrir sóknarpróf í júlí nk. og einnig hafa samband við dómara fyrir meginlandspróf í október nk.

Stjórn Fuglahundadeildar vill þakka félagsmönnum, prófstjórum, dómurum, fulltrúum HRFÍ á prófum deildarinnar, tengiliðum tegunda, nefndarmeðlimum og öllum þeim sem koma að starfinu beint eða óbeint kærlega fyrir allt það óeigingjarna starf sem lagt hefur verið af mörkum fyrir deildina á starfsárinu. Jafnframt vill stjórn þakka styrktaraðilum sem hafa verið okkar bakhjarlar í starfinu, sem eru:

Dýrheimar

Og svo framvegis ehf.

VetPlus

Vínnes ehf.

Framleiðandi Ólafsson gin.

Hits.is

Orion vefsmiðja

Að lokum viljum við óska öllum þeim sem náð hafa árangri með hundana sína á árinu innilega til hamingju og bjóðum nýliða hjartanlega velkomna í starfið núna sem endranær.

## Rekstrar- og efnahagsreikningur FHD

Fuglahundadeild HRFÍ (kt. 670309-0290)

Bankareikningur (0536-04-761745)

<b>Rekstrarreikningur ársins 2022</b>	
<b>Tekjur ársins</b>	
Seldur varningur	10.200
Innborgun frá HRFÍ v/prófa ársins 2021	354.218
Vaxtatekjur	14.451
<b>Samtals tekjur</b>	<b>378.869</b>
<b>Gjöld ársins</b>	
Nethýsing og lén	71.263
Útlagður kostnaður v/veiðiprófa	474.703
Vaxtagjöld	2.738
<b>Samtals gjöld</b>	<b>548.704</b>
<b>Hagnaður/(tap) tímabilsins</b>	<b>(169.835)</b>
<b>Endurkrafa á HRFÍ v/útlagðs kostnaðar</b>	
Ellapróf	51.800
Vorpróf	0
Sækipróf	94.855
Áfangafellspróf	255.777
Meginlandshundapróf	87.867
<b>Samtals v/veiðiprófa</b>	<b>490.299</b>
<b>Hagnaður/(tap) tímabilsins</b>	<b>320.464</b>

### Efnahagsreikningur 31. Desember 2022

Staða bankareiknings í upphafi árs	817.177
Staða bankareiknings í lok árs	647.342

Kópavogur 15. maí 2023

Fyrir hönd stjórnar Fuglahundadeildar

Atli Ómarsson, formaður